

Ónæmisaðgerðir – Listi yfir óbólusett börn á heilsugæslustöð

Saga 2018.2

Að beiðni Sóttvarnarlæknis þá var eftirfarandi virkni bætt við Ónæmisaðgerðaseininguna til að stuðla að aukinni bólusetningu barna.

- Möguleiki að sjá lista af óbólusettum börnum yngri en 6 ára í þremur listum
- Einn listi fyrir börn sem ekki hafa fengið bóluefni skilgreind fyrir 12 mánaða skoðun
- Einn listi fyrir börn sem ekki hafa fengið bóluefni skilgreind fyrir 18 mánaða skoðun
- Einn listi fyrir börn sem ekki hafa fengið bóluefni skilgreind fyrir 4 ára skoðun

Með þessum listum geta heilsugæslurnar sjálfar kallað fram lista af óbólusettum einstaklingum og þurfa ekki að stóla á upplýsingar um óbólusetta einstaklinga frá Sóttvarnarlækni

Ef einstaklingur hefur ekki fengið eitt eða fleiri bóluefni þá birtist viðkomandi í þeim lista.

Möguleiki er að sjá hvaða bóluefni eru skilgreind fyrir hverja skoðun.

Hægt er að sjá bókaða tíma einstaklings á heilsugæslunni.

Hægt er að skrifa athugasemd við einstakling innan Ónæmisaðgerðareiningunnar.

Unnið er á mótí miðlægum bólusetningargrunni.

Unnið er með þá einstaklinga sem skráðir eru á viðkomandi heilsugæslu.

Vikmörk eru 1 mánaður, þannig að einstaklingar birtast í listanum þegar einn mánuður er liðinn frá áætlaðri komu.

Með kveðju

TMS - Heilbrigðislausnir